

L Ö G

um lendingarbætur í Skipavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Skipavík, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 60 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Kaldrananeshrepps að jafnri tildölu og lendingarsjóður Kaldrananeshrepps leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 60 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps.

4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar eða lendingarbótunum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Kaldrananeshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

65

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Kaldrananeshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar. 4. júlí

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Kaldrananeshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða úr Skipavík, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Skipavíkurlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Kaldrananeshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.